



Viðstaddir

29.06.2023

Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH
Ómar Einarsson	ÓE	ÍTR
Ásthildur Helgadóttir	ÁH	Kópavogur
Guðmundur Sverrisson	GS	Hafnarfjörður
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin
Þorvaldur Daníelsson	ÞD	Form Skíðasvæðanna
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf
Forfallaðir		

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Tílefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur fimmtudaginn 29.06.2023 kl. 09:00.

1 Síðasta fundargerð

Síðasta fundargerð samþykkt.

2 Fjárhagsstaða/áætlanir

Unnið er að endurmati verkefna og kostnaðar við breytingar á rafkerfum tengt færslu varafls og töflubúnaðar úr botnstöð gömlu Drottningar sem verður rifin. Áætlaður kostnaður stefnir í 23-25 m.kr en var áður 14 m.kr.

- Nýir kostnaðarliðir tilheyrandi færslu varafls og rafmagnstafla úr gömlu Drottningu í nýju Drottningu – u.þ.b.2 m.kr
- Hækkun á verðlagi og hækkaðar magntölur – u.þ.b. 3 m.kr
- Stækkun heimtaugar efst í Kóng og breytingar á töflum – u.þ.b. 5 m.kr.

EKS áætlar að þessi kostnaðarhækkun muni vegast upp og gott betur, með hagfelldari niðurstöðu úr öðrum liðum:

- Kostnaður við umsjón, eftirlit og verkefnisstjórn með lyftum er áætlaður 3 m.kr á árinu, en mun enda nær 2 m.kr.
- Kostnaður við hýsingu spenna og varaafsl er áætlaður 40 m.kr, en mun enda nær 30 m.kr
- Hliðarverkefni sem lokið er sbr. síðasta fund 1.7 m.kr
- Búið er að samþykkja fyrsta reikning frá TA. Gengi er nú 150 eða um 3 krónum lægra en forsenda fjárhagsáætlunar. Gengisávinningur er um 2 m.kr.

3 Lyftur

Fulltrúar Doppelmayr mættu til lokaúttektar á lyftunum nú í vikunni.

- Vélbúnaður og rafkerfi var allt endurstíllt í viðhaldsskoðun í byrjun maí og ekkert nú sem þarfnast lagfæringa
- Nokkur atriði varðandi frágang bygginga o.fl. verða lagfærð í sumar
- Fulltrúar Doppelmayr koma næst til landsins maí 2024 í seinni viðhaldsskoðun skv. samningi

4 Skipulags og leyfismál

Búið er að senda inn tillögu að breytingum á deiliskipulagi til samræmis við færslu botnstöðvar Drottningar s.l. sumar.

Umsókn um byggingarleyfi skemma fyrir spennu, varaafli og stjórnstöð snjóframleiðslu við hlið Drottningar strandaði á því að uppdrættir sýndu botnstöðina eins og hún var byggð utan lóðarnarka skv. deiliskipulagi.

- ⇒ Samræmingarhönnuður mun senda inn uppfærða uppdrætti sem verða í samræmi við dsk og verður umsóknin þá tekin fyrir.
- ⇒ Breyta þarf aðaluppdráttum skemma til samræmis þegar dsk breytingin er gengin í gegn.

ÓE upplýsti að í gangi eru viðræður Reykjavíkurborgar og skíðafélaganna innan Reykjavíkur um yfirtöku borgarinnar á skíðaskálum. Góður gangur er í viðræðunum, en klára þarf ýmis mál s.s. lóðarleigusamninga við Kópavogsbæ o.fl.

5 Snjóframleiðsla 1. áfangi

Verkið er á eftir áætlun og hefur EKS óskað eftir aðgerðum til að vinna upp tafir og auka kraftinn í verkinu.

6 Næsti fundur

Boðaður síðar þegar tilefni er til. Stefnt að miðjum ágúst.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn